



Jólaþveðja

***Félag íslenskra náttúrufræðinga óskar
félagsfólki og fjölskyldum þeirra
gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári***

Tilkynningar

Skrifstofa FÍN er að
Borgartúni 27, 2. hæð
105 Reykjavík

Símatími:
Mánudaga og miðvikudaga
Frá kl. 13:00—14:00
Þriðjudaga og fimmtudaga
Frá kl. 11:00—12:00
Lokað á föstudögum

Sími: 595-5175
Netfang: fin@fin.is
Veffang: www.fin.is

Starfsmenn á skrifstofu:
Maríanna H. Helgadóttir,
formaður

Orri Þrastarson,
verkefnastjóri

Runólfur Vigfússon,
lögfræðingur

Útgefandi: FÍN

Ábyrgðamaður:
Maríanna H. Helgadóttir (MHH)

Upplag: Netútgáfa

Ljósmynd: MHH
Heiti ljósmyndar: Tunglið og
Venus í Hvalfirði.

Desemberuppbót

Desemberuppbót 2023 verður **að lágmarki** sem hér segir:

Ríki:	103.000 kr.
Sveitarfélög:	131.000 kr.
Reykjavíkurborg:	115.000 kr.
Aðalkjarasamningur SA:	103.000 kr.

Sjá nánar [hér](#).

Fín breytir um aðsetur

Þau tímamót urðu einnig hjá félaginu að FÍN hefur nú skipt um aðsetur en nýtt húsnæði er í Borgartúni 27 á annarri hæð ásamt nokkrum öðrum aðildarfélögum BHM.

Ef þú þarft að fá viðtal hjá okkur þá mælum við með því að þú pantir viðtalstíma með því að senda tölvupóst á fin@fin.is.

Símatími er frá 13-14 á mánudögum og miðvikudögum og á þriðjudögum og fimmtudögum frá 11 - 12.

Skrifstofa FÍN

FÍN er umhugað um að veita sem besta þjónustu og býður m.a. upp á hagsmunagæslu á sviði kjara- og réttindamála, túlkun á samningum og ráðgjöf í ágreiningsmálum. Við veitum ýmsa ráðgjöf, fræðslu og þjónustu og má þar á meðal nefna:

- Ráðgjöf vegna kjara-og réttindamála
- Ráðgjöf vegna ráðningarsamninga
- Upplýsingar varðandi launakjör og launaþróun
- Fræðslu frá FÍN á stofnunum/fyrirtækjum
- Lögfræðiþjónustu á sviði vinnuréttinda
- Aðstoð vegna ágreiningsmála á vinnustað
- Ráðgjöf til félagsmanna í atvinnuleit og styrki til atvinnulausra félagsmanna
- Ráðgjöf og yfirlestur ráðningarsamninga
- Umsagnir vegna umsókna um atvinnuleyfi

Hægt er að bóka viðtöl við starfsmenn FÍN með því að senda póst á fin@fin.is

Pistill formanns



Kæru félagar

Á síðustu vikum og mánuðum höfum við öll orðið vör við hversu mikið við treystum á fagþekkingu vísinda þegar kemur að öryggi okkar á Íslandi. Við höfum séð hvernig jarðhræringar hafa ógnað búsetu í Grindavík og þegar þetta er skrifað er ekki vitað hvort að koma muni til eldgoss. Ég held við séum öll sammála því að við viljum og þurfum að hafa fólk að störfum með fagþekkingu á náttúruöflunum, en náttúruöflin móta tilveru okkar og lífsbaráttu á Íslandi.

Að þessu sögðu þá vil ég vitna í skýrslu Umhverfis-, orku og loftlagsráðuneytisins, en ráðuneytið hefur gefið út skýrslu um stöðumat og áskoranir varðandi mat og endurmótun á tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvár. Í skýrslunni kemur fram að skortur á sérhæfðu starfsfólki er ógn við starfsemi stofnana sem tengjast náttúruvár. Þá segir einnig í skýrslunni að störf sem lúti að vöktun, rannsóknum,

kortagerð og úrvinnslu gagna á sviði náttúruvár séu sérhæfð og samkeppni um sérhæft starfsfólk sé mikil. Í skýrslunni er einnig gert ráð fyrir að þessi eftirspurn muni aukast og nauðsynlegt sé að tryggja nægjanleg afköst og breidd í þekkingu. Því er ljóst að róttækra breytinga er þörf til að hvetja nemendur til að velja að leggja stund á raunvísindanám en einnig verður að bæta launasetningu svo að ungt fólk sjái framtíðarmöguleika í raunvísindastörfum.

Innan vébanda FÍN er fjölmargar fagstéttar sem vinna sérfræðistörf sem eru eftirsóknarverð á almennum og opinberum markaði. Það er staðreynd að laun á opinberum markaði eru ekki jafn há og á almennum markaði. Því verður að bæta launasetningu á opinberum markaði ef að opinberir aðilar eiga að geta laðað til sín sérfræðinga. Launasetning ríkisstarfsmanna fer fram í stofnanasamningum. FÍN hefur unnið að straumlínulögun stofnanasamninga og hefur rætt um uppfærslu á 11. kafla kjarasamnings aðila. Kerfið sem við byggjum á er eitt og fjármunirnir sem ríkið sestur í kerfið er annað. Ég tel mikilvægt að við lögum kerfið og að ríkið sjái kerfinu fyrir sanngjörnu fjármagni.

FÍN framlengdi kjarasamningum við opinbera viðsemjendur sína til eins árs í apríl á þessu ári. Samhliða því voru gerðar verkáætlanir sem voru hluti af kjarasamningi aðila. Þar voru ýmis sameiginleg málefni aðildarfélaga BHM voru sérstaklega sett á dagskrá og einnig setti félagið inn ýmis sérmál. Fulltrúar félagsins hafa á undanförunum mánuðum fundað með viðsemjendum um sérmál FÍN og gengur sú vinna ágætlega. Kjarasamningar losna því í mars á næsta ári og er vonast til að hægt verði að gera langtímakjarasamninga. Það eru þó ákveðin skilyrði sem FÍN setur fyrir langtíma kjarasamningum. Á síðasta áratug hefur í flestum tilfellum verið samið um krónutöluhækkanir í stað prósentuhækkana með áherslu á lægstu laun. Þetta hefur leitt til þess að launatöflur hafa skekkst og samþjöppun orðið á launum. Þannig hefur bilið á milli þeirra sem eru háskólamenntaðir og þeirra sem ekki hafa háskólamenntuð minnkað. Það má jafnvel færa rök fyrir því að hvatinn fyrir því að sækja sér háskólamenntun hafi minnkað. Það er frumskilyrði fyrir langtíma kjarasamningum að samið verði um prósentuhækkanir og launatöflur leiðréttar. Kerfin sem við höfum byggt upp á opinberum markaði byggja á prósentuhækkunum og að bil launaflokka sé jafnt í prósentum talið. Menntun er í flestum tilfellum metin eftir launaflokkum í samræmi við launatöflur og hafa krónutöluhækkanir því gjaldfellt háskólamenntun.

Verkefnin framundan eru krefjandi en við erum öflugt félag með stóra stjórn og starfsmenn með mikla reynslu og þekkingu til að takast á við þau verkefni. Við erum tilbúin í slaginn og við vonum að félagar okkar séu það líka.

Ég óska þér og fjölskyldu þinni gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári!

Með jólakveðju, Marianna H. Helgadóttir, formaður FÍN

Hvað er að fréttast?

Kröfugerðir FJN

Þann 31. mars næstkomandi losna kjarasamningar við ríkissjóð (Fjármála- og efnahagsráðuneytið), Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Við hjá FJN höfum unnið ötullega að kröfugerðum gagnvart okkar viðsemjendum. Stjórn félagsins mótaði kröfugerðir sínar á grunni kröfugerða síðasta árs en í vor var kjarasamningur flestra viðsemjenda FJN framlengt um eitt ár.

Félagið mun ganga frá viðræðuáætlunum við okkar viðsemjendur eigi síðar en um miðjan janúar nk. og samhliða mun félagið formlega leggja fram kröfugerðir félagsins gagnvart hverjum viðsemjanda í komandi viðræðum. Einnig er unnið er að mótun kröfugerðar FJN gagnvart Samtökum atvinnulífsins (SA) en þess má geta að sá kjarasamningur er ótímabundin en gerð verður krafa um samtal við SA á komandi mánuðum ásamt öðrum aðildarfélögum BHM sem eiga aðild að samningnum um frekari uppfærslur á þeim kjarasamningi.

Trúnaðarmenn FJN

Trúnaðarmenn FJN eru fulltrúar félagsins á hverjum vinnustað og eru tengiliðir milli félagsmanna á vinnustað og vinnuveitanda annars vegar og milli félagsmanna og félagsins hins vegar. Félagið leitast við að halda úti öflugu neti trúnaðarmanna og hafa félagsmenn FJN þann valkost að velja úr sínum röðum trúnaðarmann.

Við hvetjum félagsfólk til að velja sér trúnaðarmann til að standa vörð um hagsmuni sína, jafnframt að kynna sér hver eru hlutverk trúnaðarmanna.

Frekari upplýsingar um trúnaðarmenn FJN er að finna [hér](#).

Reglubreytingar vegna Starfsmenntasjóðs BHM

Hámarksstyrkur hækkar úr 120.000 kr. í 160.000 kr. miðað við mánaðarlegt iðgjald sé 940 kr. eða hærra. Mánaðarlegt iðgjald undir 940 kr. veitir rétt á hálfum styrk, 80.000 kr. Upphæð mánaðarlegs iðgjalds fyrir fullan styrk miðast við lægstu taxta í launatöflu BHM við ríkissjóð og er 0,22% af heildarlaunum. Áður veitti 660 kr. mánaðarlegt iðgjald rétt á hámarksstyrk.

Þeir sjóðfélagar sem höfðu fullnýtt styrk sinn fyrir reglubreytinguna en eru með umfram kostnað (og innan við 12 mánuðir eru frá lokum verkefnisins) geta sótt um styrk fyrir núverandi eftirstöðvum sínum í sjóðnum með því að leggja inn umsókn í gegnum [Mínar síður](#).

Rof á iðgjaldagreiðslum: Réttur til greiðslna úr sjóðnum fellur niður að þremur mánuðum liðnum frá því síðast var greitt til sjóðsins. Áður féll réttur til styrkja niður um leið og greiðslur hættu að berast í sjóðinn.

Heimildarákvæði vegna skertrar færni: Stjórn Starfsmenntunarsjóðs BHM er heimilt að veita viðbótarstyrk til sjóðfélaga vegna kostnaðar sem fellur til vegna skertrar færni.

Hvað er að fréttast?

Framboð og tillögur um lagabreytingar

Þeir félagsmenn sem vilja gefa kost á sér til embættis eða trúnaðarstarfa sem kosið verður í á næsta aðalfundi FÍN 2024 skulu tilkynna stjórn FÍN um framboð sitt fyrir 1. febrúar nk. Upplýsingar um hverjir sitja í embættum eða trúnaðarstörfum á vegum félagsins er að finna [á vef félagsins](#). Hægt er að bjóða sig fram í eftirtalin embætti/trúnaðarstöður:

Stjórn FÍN: Formaður og stjórnarmenn (8)

Kjaradeilusjóður FÍN: Aðalmenn (2)

Siðanefnd FÍN: Aðalmenn (2) og varamaður (1)

Tilkynnt verður um fyrirkomulag framboða í fréttabréfi í janúar. Ekki er hægt að bjóða sig fram á sjálfum aðalfundinum, en kosið er á milli frambjóðanda á aðalfundinum.

Tillögur félagsmanna um breytingar á lögum félagsins skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir **1. febrúar nk.** og skulu félagsmenn senda inn lagabreytingartillögur á netfangið fin@fin.is.

Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér [lög](#) félagsins, [reglur Kjaradeilusjóðs FÍN](#) og [starfsreglur siðanefndar FÍN](#).

Starfsdagur stjórnar

Í lok október sl. var starfsdagur stjórnar FÍN. Á starfsdeginum ræddi stjórn félagsins m.a. hlutverk og framtíðarsýn félagsins og einnig var unnið að kröfugerðum félagsins í komandi kjaraviðræðum.

Örar breytingar eru allt í kringum okkur, félagið hefur stækkað og fjölbreytileiki innan félagsins er mikill og við þurfum að bregðast við þeim breytingum og því er mikilvægt að við mótum okkur skýra framtíðarsýn. Stjórn mun líklega leggja fram breytingu á lögum félagsins á komandi aðalfundi.

Um kjaramálin er það að segja að stjórn FÍN vill vera vel í stakk búið til að mæta þeim áskorunum sem munu mæta stéttarfélagum á næstu árum hvort sem um er að ræða á vegna örra breytinga á vinnumarkaði sem og komandi kjarasamningsviðræðum við helstu samningsaðila FÍN.



Mynd frá starfsdegi stjórnar: f.v. Svava, Stefán Már, Anna Berg, Sigvaldi og Lilja.

Ólögð mæt afskipti opinberra aðila að stéttarfélagsaðild

Félag íslenskra náttúrufræðinga er ítrekað að sjá og heyra að tilteknir opinberir aðilar, þ. á m. stofnanir ríkisins og sveitarfélög, séu að synja starfsfólki um aðild að tilteknum stéttarfélögum, skikka eða þvinga starfsfólk sitt í ákveðin stéttarfélög og/eða synja stéttarfélögum um samningsrétt sinn um launakjör og önnur réttindi félagsfólks síns. Er einstaklingum með beinum eða óbeinum hætti neitað um að laun þeirra og réttindi fari eftir samningum þess stéttarfélags sem það hefur sérstaklega valið að fari með samningsumboð fyrir sig og í raun þvingað til þess að annað stéttarfélag fari með samningsumboð fyrir það sem það vill undir engum kringumstæðum vera hluti af. Slíkt verður að telja vera þvinguð aðild að félagi sem jafnvel getur haft beinar fjárhagslegar afleiðingar fyrir viðkomandi einstakling m.a. vegna mismunar á félagsgjaldi stéttarfélaga sem getur talið í tugum þúsunda árlega.

Þrátt fyrir að félagafrelsi sé stjórnarskrárvarinn réttur sem jafnframt er að finna í mannréttindasáttmála Evrópu þá hafa opinberir aðilar þverbrotið þann rétt á starfsfólki.

Þrátt fyrir að fjármálaráðherra geri miðlæga kjarasamninga við flest stéttarfélög landsins fyrir hönd ríkissjóðs þá hafa tilteknar stofnanir ríkisins neitað einstaklingum um aðild að þeirra stéttarfélagi oft á hæpnum grunni. Helsta ástæðan sem FÍN hefur heyrt er að viðkomandi stofnanir vilja ekki gera stofnanasamninga við fleiri stéttarfélög en gert hafa. Vert er hér að taka fram að það er ekki á forræði tiltekinna stofnana að ákveða hvort gerður sé stofnanasamningur við tiltekin stéttarfélög heldur er gagnkvæm skylda stofnana og stéttarfélaga að gera stofnanasamning sín á milli vegna félagsmanna þess stéttarfélags er starfa fyrir viðkomandi stofnun. Ráði stofnun einstakling til starfa er hyggst vera í

tilteknu stéttarfélagi ber stofnun frumkvæðisskylda til þess að óska eftir við viðkomandi stéttarfélag að gerður sé stofnanasamningur milli aðila.

Hjá sveitarfélögum eru störf að meginstefnu undir starfsmati, þ.e. störf eru metin til stiga og launa útfrá fyrirfram ákveðnum stöðlum. Hvert starf í starfsmati er merkt einu eða fleiri stéttarfélögum. Sveitarfélög hafa synjað með beinum eða óbeinum hætti einstaklingum aðild að stéttarfélagi m.a. á þeim grunni að viðkomandi starf, skv. starfsmati, tilheyrir ekki eða sé ekki sérstaklega merkt viðkomandi stéttarfélagi. Rétt er að taka fram hér að með tiltölulega einfaldri aðgerð er unnt að merkja fleiri en eitt stéttarfélag á hvert starf milli kjarasamninga, svokölluð pörun, en svo virðist sem tiltekin sveitarfélög veigri við sér að fara í þá vegferð.

Stofnanir hafa neitað starfsfólki um aðild að stéttarfélagi þar sem ekki sé til staðar stofnanasamningur en samhliða neitað að gera stofnanasamning við viðkomandi stéttarfélag þar sem enginn félagsmaður starfi hjá þeim!

Einstaklingar sem sækja um störf hjá opinberum aðilum, og þá sérstaklega yngri aðilar,

Opinberir aðilar nýta sér valdaójafnvægi við ráðningar til áhrifa á stéttarfélagsaðild.

eru oftast undir hælnum á opinberum vinnuveitanda við að fá ráðningu í störf og eru því vart reiðubúnir að setja fram kröfu við ráðningu aðild að tilteknu stéttarfélagi í mögulegri óþökk væntanlegs vinnuveitanda. Er því sjaldgæft að slíkt mál komi formlega á borð stéttarfélaga og mjög sjaldgæft að nýráðið starfsfólk leyti atbeina dómstóla gegn vinnuveitanda sínum vegna stéttarfélagsaðildar, þó undantekningar sé að finna í dómaframkvæmd.

Með þeirri háttsemi sem hér hefur verið lýst eru opinberir aðilar að hafa áhrif á stéttarfélagsaðild starfsfólks síns, þrátt fyrir skýrt félagafrelsi á Íslandi sem m.a. á við um aðild að stéttarfélagi. **Yrði talið eðlilegt að vinnuveitandi synji starfsfólki sínu aðild að stéttarfélagi sem viðkomandi telji erfitt, eða með öðrum orðum sé að sinna skyldum sínum sem stéttarfélag?** Hver sem grunnástæðan sé fyrir þeim afskiptum þá halda framkomin rök engu vatni. Öll afskipti eða tilraunir til áhrifa á afstöðu starfsfólks og afskipti af stéttarfélögum eða vinnudeilum er með öllu ólögð mæt, sama í hvaða formi þær birtast. Þau fáu dæmi um háttsemi sem hér hefur verið lýst er ekki unnt að líta með öðrum augum á nema sem **ólögleg afskipti opinberra aðila að starfsemi stéttarfélaga og stéttarfélagsaðild.**

Ólögmat afskipti opinberra aðila að stéttarfélagssaðild fvk.

Félagafrelsi veitir einstaklingum val um að vera í stéttarfélagi eða standa utan þess, sem og að velja það stéttarfélag sem það kysir ef val er til staðar.

Algjört lágmark er að opinberir aðilar virði félagafrelsi starfsfólks síns og þvingi ekki starfsfólk til að þess að leita atbeina dómstóla til að staðfesta jafn skýran rétt og raun ber vitni.

Öll afskipti eða tilraunir til áhrifa á afstöðu starfsfólks og afskipti af stéttarfélögum eða vinnudeilum er með öllu ólögmat, sama í hvaða formi þær birtast. Þau fáu dæmi um háttsemi sem hér hefur verið lýst er ekki unnt að líta með öðrum augum á nema sem ólögleg afskipti opinberra aðila að starfsemi stéttarfélaga og stéttarfélagssaðild.

Fjármálaráðherra og viðeigandi fagráðherra þeirra stofnana sem í hlut eiga þurfa að koma í veg fyrir að slík háttsemi opinberra aðila haldi áfram og að félagafrelsi starfsfólks sé virt. Sama á við um sveitarfélög er þetta varðar.

Félag íslenskra náttúrufræðinga vill taka fram að allflestar stofnanir ríkisins og mörg sveitarfélög virða þennan rétt starfsfólks síns fullum fetum, meðan aðrir aðilar brjóta vísvitandi á þessum rétti.



Runólfur Vigfússon, lögfræðingur

Nýr viðsemjandi FJN

Félag íslenskra náttúrufræðinga hefur undirritað kjarasamning við SFV. Það var gert í tveimur þrepum, annars vegar tengisamning við núgildandi kjarasamning, ásamt viðbótum, viðaukum og bókunum, er önnur aðildarfélög BHM hafa gert við SFV og tekur hann gildi 31. mars 2023. Hins vegar var undirrituð framlenging og breyting á fyrrgreindum samningi með gildistíma frá 1. apríl 2023.

Mynd: Frá undirritun samninga.
F.v. Þorsteinn (SFV), Karl (SFV), Guðbjörg (SFV), Oddgeir (KVH), Hjalti (FG), Runólfur (FIN), Laufey (ÞÍ), Gunnlaugur (FS), Þóra (II), Steinunn (FÍ) og Anna María (SÍ).



Hvað er að fréttast?

Umsagnir FÍN í samráðsgátt stjórnvalda

Á undanförunum vikum hefur FÍN lagt inn umsagnir vegna mála í samráðsgátt stjórnvalda. Eitt af meginhlutverkum FÍN er að gæta hagsmuna félagsfólks í réttindamálum. FÍN hefur einsett sér að veita umsagnir um mál sem snerta félagsfólk og hafa áhrif á störf þess. Félagsfólk getur glöggvað sig á umsögnum félagsins en þær eru birtar í samráðsgátt stjórnvalda. Umsagnir FÍN eru eftirfarandi:

[Umsögn FÍN](#) vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (sameining Náttúrufræðistofnun Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn) – mál nr. 166/2023

[Umsögn FÍN](#) vegna fyrirhugaðrar sameiningar fimm stofnana umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytis í tvær stofnanir – mál nr. 168/2023

[Umsögn FÍN](#) vegna draga að reglum um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um störf forstöðumanna - Mál nr. 178/2023

[Umsögn FÍN](#) vegna draga að reglum um starfslokasamninga – mál nr. 176/2023

Er jafnvægi í lífinu og er vellíðan í vinnunni?

VIRK starfsendurhæfingarsjóður veitir einstaklingum þjónustu sem glíma við skerta starfsgetu vegna heilsubrestra. Markmið sjóðsins er að efla starfsgetu einstaklinganna og auka þátttöku þeirra á vinnumarkaði.

Bæði Sjúkrasjóður BHM og Styrktarsjóður BHM hafa orðið varir við aukningu á fjölda sjúkradagpeninga á undanförunum mánuðum og árum og því er ástæða fyrir alla að staldra við og spyrja sig hvernig heilsan sé. Er jafnvægi í lífinu og vellíðan í vinnunni? Ert þú að ná jafnvægi milli vinnu og einkalífs? Hvernig líður þér í vinnunni?

VIRK hefur sett saman vefsvæði sem ber heitið Velvirk: www.velvirk.is, sjá skjáskot af vefnum hér til hliðar.

Við hvetjum félagsmenn FÍN til að kynna sér þetta fræðsluefni sem VIRK býður upp á.

Vinum saman að vellíðan!

Verið velkomin

Jafnvægi í lífinu

SJÁ MEIRA

Jafnvægi í lífi og starfi

Vinum saman að vellíðan

Vellíðan í vinnu

SJÁ MEIRA

Vísindasjóður FJN

Nýtt fyrirkomulag vegna Vísindasjóðs FJN!

Í september 2023 voru gerðar breytingar á úthlutunarreglum Vísindasjóðs FJN þannig að ekki er lengur sótt um greiðslur úr sjóðnum heldur eru greidd iðgjöld greidd til sjóðfélaga í desember ár hvert.

Framkvæmdin í ár verður því eftirfarandi:

- Styrkurinn er fyrir tímabilið 1. nóvember 2022 til 31. október 2023
- Styrkupp hæð er miðuð við greidd iðgjöld viðkomandi vinnuveitanda sjóðsfélaga í sjóðinn á tímabilinu.
- Einungis félagsfólk í Félagi íslenskra náttúrufræðinga, sbr. 3. gr. laga félagsins, sem greitt hefur verið fyrir í sjóðinn eiga rétt til greiðslu úr honum.
- Greiðslur fara fram inn á bankareikninga sjóðfélaga 15. desember 2023.

Allar nánari upplýsingar eru að finna á [vefsvæði Vísindasjóðs FJN](#).

Atkugið!

Rétt til úthlutunar úr sjóðnum hafa sjóðsfélagar sem hafa greitt í sjóðinn og eru félagar í FJN.

Greitt er í sjóðinn fyrir þá aðila sem þiggja laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sambandi sveitarfélaga. Ríkisstarfsmenn **eiga ekki** rétt úr sjóðnum. Á almennum markaði er hægt að semja um það í ráðningarsamningi að greitt sé í Vísindasjóð FJN og þá getur á hinn sami rétt á styrk úr sjóðnum.

Ef þú vilt kanna það hvort þú eigir rétt á styrk úr Vísindasjóði FJN þá ferðu inn á „[Mínar síður](#)“ á [vefsvæði FJN](#).

- Hafi sjóðsfélagi ekki fengið styrk úr Vísindasjóði vegna fyrra tímabils í eldra úthlutunarkerfi þá biðjum við viðkomandi vinsamlegast um að hafa samband við okkur með því að senda okkur tölvupóst á fin@fin.is.

Samandregið!

Ef þú átt iðgjöld í Vísindasjóði, fyrir tímabilið 01.11.2022-31.10.2023, ert félagsmaður í FJN þá verða þau greidd inn á bankareikning þinn, 15. desember 2023, án þess að þú sækir um greiðsluna!

** Ef okkur mun vanta bankaupplýsingar þá færðu sendan tölvupóst frá okkur.*

Sjóðir BHM

Við minnum félagsmenn okkar á að fylgjast með [breytingum á úthlutunarreglum einstakra sjóða BHM](#).

Rétt er að geta þess að stjórn Orlofssjóðs BHM sendir reglulega frá sér pósta og hægt er að skrá sig á póstlista sjóðsins á [bhm.is](#). Einnig hvetjum við félagsmenn að fylgjast með facebook síðu sjóðsins er þar eru gjarnan birtar upplýsingar um hús sem losna með litlum fyrirvara.

Ef þú hefur einhverjar spurningar vegna sjóða BHM þá vinsamlegast hafðu samband við þjónustuver BHM í gegnum netfangið sjodir@bhm.is.